




NORÐURORKA
RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI

Heitir pottar

Þægindi við íbúðarhúsið eða sumarhúsið.

Þegar kemur að vali á heitum potti getur valið staðið á milli hitaveitukyntra potta og rafmagnskyntra.



Hitaveitukyntur pottur:

- ▶ Helsti kostur, alltaf nýtt vatn
- ▶ Lár rekstrarkostnaður
- ▶ Ef potturinn er notaður þrisvar eða oftar í viku ætti að hafa sírennsli
- ▶ Hljóðlaus
- ▶ Hreint frárennsli
- ▶ (Ef potturinn er ekki tæmdur reglulega þarf hreinsiefni)

Rafmagnskyntur pottur:

- ▶ Helsti kostur, hægt að nota þar sem ekki er hitaveita
- ▶ Sama vatnið notað oft
- ▶ Nota verður hreinsiefni og sóttvarnarefni
- ▶ Krefst eftirlits með gæðum vatnsins, mælingar
- ▶ Nokkur rekstrarkostnaður
- ▶ Hreinsiefni í frárennsli

Gróf viðmiðun um orkukostnað á 1.300 lítra potti:

Að fylla pottinn af 40 gráðu heitu vatni með hitaveitu kostar 70 kr.

Sami búnaður + vatnsnudd	Notkun	Heitt vatn	Rafmagn
1 skipti fylltur og notaður	1 skipti	200 kr.	600 kr.
Skipt um vatn mánaðarlega	2-3 í viku	18.000 kr./ár	30.000 kr./ár
Skipt um vatn í hvert skipti	2-3 í viku	20.000 kr./ár	60.000 kr./ár

Ef potturinn er notaður mjög oft er mun ódýrara að nota hitaveitukyntan pott.

Rafmagnspottur, áætlaður kostnaður vegna hreinsiefnis og síu	12.000 kr./ár
--	---------------

Annar rekstrarkostnaður er ekki innifalinn í ofangreindum dæmum. Mjög mikilvægt er að gæta að vatnshitastigi og að hafa ætíð lok á pottinum þegar hann er ekki í notkun.

Staðsetning og einangrun potta hefur einnig áhrif á rekstrarkostnað.